

# Keppnisráðsfundur í hringakstursráði

Haldinn að Barðastöðum 1 í Reykjavík, 17. febrúar 2020 kl. 21:30.

## Mættir:

Baldvin Hansson (BH), Sigfús B Sverrisson (SBS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Jóhann Egilsson (JE)

BH ritar fundargerð.

**Öryggisbelti**, nú eru til FIA vottuð beltí sem eru 2" alla leið niður að klemmu. Þetta stangast á við núverandi reglur um beltí 4.4.1.d.

*Samþykkt að fella út lýsingu á 2" og 3" skilyrðum þar sem staðlar leyfa annað.*

**Á að gera breytingar á fyrirkomulagi úrslitakeppni í hermikappakstri** sem kallað hefur verið eftir af nokkrum keppendum í greininni?

*Ákveðið að bera þetta undir keppendur í næstu keppni og heyra hvað mönnum finnst. Leita áhlits virkra keppenda í mótinu sem nú þegar er byrjað.*

**Er tímataka í hermikappakstri ekki örugglega framkvæmd á staðlaðan máta?** Og gerð með hermi stilltan á sama dag og keppnin á að fara fram?

*JBJ skoðar málið. Sérstaklega með tilliti til þess hvað leikurinn býður upp á varðandi sönnun forsenda sem tímataka fer fram á.*

**Það vantar stigatöflu inn í grein um keppnishald í tímaati.**

*Bætt inn grein 3.5.8 um stig til Íslandsmeistara í tímaati.*

**Á að skipta upp tímaati og kappakstri í reglunum?**

*Ráðið telur það ekki tímabært. Rétt að endurskoða málið fyrir næsta tímabil byggt á reynslu yfirstandandi keppnistímabils.*

**Þurfum við að halda námskeið af einhverju tagi á okkar vegum?**

*Halda þarf námskeið fyrir flaggara í kappakstri á næstunni. Ákveðið að stefna að því um miðjan apríl.*

**Er ástæða til að skilyrða tiltekið dekk í kappakstri í Formúla 1000 flokki?**

*Ráðið telur það ekki tímabært í ár. Rétt að endurskoða ákvörðunina að loknu yfirstandandi keppnistímabili.*

**Má setja stífarí fóðringar í bílana í Formúla 1000 flokki?**

*Samkvæmt grein 5.13.17 skal hjólabúnaður og fjöðrun vera óbreytt. Þetta er því ekki heimilt samkvæmt gildandi reglum. Ráðið telur ekki ástæðu til að breyta þessari reglu fyrir yfirstandandi keppnistímabil.*

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 00:30.